



## Fundur háskólaráðs 11. mars 2004

### Fundargerð

Málsnúmer: HI04010018  
Málalýklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir,  
dagskrár og framlögð gögn  
Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir  
Staða: Lokið

### Dagsetningar:

Búið til: 05.03.2004  
Dags: 11.03.2004

### Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Aðalbygging (600169-2039)  
101 REYKJAVÍK  
Sími: 525 4000; 525 4300  
Fax: 552 1331

05/2004

## HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2004, fimmtudaginn 11. mars var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.30.

Mætt voru: Páll Skúlason, Hjalti Hugason, Anna Soffía Hauksdóttir, Jóhannes R. Sveinsson, Jón Ólafur Skarphéðinsson, María Guðmundsdóttir, Davíð Gunnarsson, Matthías Páll Insland, Stefán Svavarsson og Inga Jóna Þórðardóttir.

### 1. Til fróðleiks

- 1.1 Lögð fram gögn frá fundi rektors og fleiri fulltrúa Háskólans með menntamálaráðherra fyrir um daginn.
- 1.2 Lögð fram umsögn vísindanefndar háskólaráðs um NORIA – Nordic Research and Innovation Area.
- 1.3 Lagt fram bréf rektors, dags. 4. mars sl. þar sem Guðný Björk Eydal, lektor, er skipuð í siðanefnd Háskólans í stað Eiríks Tómassonar, prófessors, sem beðist hefur lausnar.
- 1.4 Skipan háskólaráðs kjörtímabilið 1. júlí 2004 – 30. júní 2006.
- 1.5 Lögð fram fréttatilkynning: Skýrsla jafnréttisnefndar H.Í. um stöðu og þróun jafnréttismála 1997 – 2002.
- 1.6 Upplýsingar um RHnet, sbr. síðasta fund.  
- Þórður Kristinsson gerði grein fyrir þeim.

### 2. Erindi til háskólaráðs

- 2.1 Lögð fram tillaga Rögnvalds Ólafssonar um breytingu á stöðu Umhverfisstofnunar.  
- Málið var rætt ítarlega og verður áfram á dagskrá.
- 2.2 Lögð fram ársskýrsla Sjávarútvegsstofnunar Háskóla Íslands 2003 ásamt starfsáætlun 2004 og yfirliti um starf stofnunarinnar á undanförunum árum.
- 2.3 Tillögur að breytingu á sameiginlegum reglum Háskóla Íslands nr. 458/2000.
  - a) Hámarksfjöldi eininga sem stúdent má skrá sig á misseri, skv. 47. gr.
  - b) Tilgreining lærdómstítla í 1. mgr. 54. gr.
  - c) Reglur um Tækjakaupasjóð Háskóla Íslands í 76. gr.
  - d) Ákvæði um „numerus clausus“ í 2. mgr. 89. gr.
  - e) Tilgreining námsgreina viðskipta-- og hagfræðideildar í 1. mgr. 94. gr.
  - f) Tilgreining námsgreina heimspekideildar í 3. mgr. 101. gr.
  - g) Tilgreining kennslugreina og prófgráða félagsvísindadeildar í 114. gr.
  - h) Skoraskipting félagsvísindadeildar í 116. gr.
  - i) Tilgreining kennslugreina raunvísindadeildar í 117. gr.
  - j) Endurskoðun á kennslugreinum hjúkrunarfræðideildar í 126. gr.  
- Þórður Kristinsson gerði grein fyrir framkomnum tillögum að breytingum á sameiginlegum reglum Háskóla Íslands nr. 458/2000. Tillögurnar verða til afgreiðslu á

- næsta fundi ráðsins.
- 2.4 Endurskoðaður prófgráðulisti, sbr. kennslusamning.
    - Rektor gerði grein fyrir framlögðum prófgráðulista, sem er uppfærður vegna breytinga á námsframboði.
  - 2.5 Lögð fram tillaga starfshóps rektors um viðbrögð við álitum umboðsmanns Alþingis, dags. 31. desember 2003, vegna próftökugjalds í læknadeild, sbr. fund ráðsins 29. janúar sl. Lagt fram svarbréf menntamálaráðuneytis, dags. 3. mars sl.
    - Rektor gerði grein fyrir málinu. Samþykkt samhljóða að fara eftir framlagðri tillögu um viðbrögð við álitum umboðsmanns Alþingis. Ennfremur leggur starfshópurinn til að leitað verði stuðnings menntamálaráðherra við breytingu á gjaldtökuheimildum Háskólans til þess að gera þær skýrari.
  - 2.6 Lagt fram bréf menntamálanefndar Alþingis, dags. 27. febrúar sl., þar sem Háskólanum er send til umsagnar tillaga til þingsályktunar um háskóla á Vestfjörðum, 317. mál.
    - Samþykkt samhljóða að fela Rögvaldi Ólafssyni að undirbúa umsögn Háskóla Íslands um þingsályktunartillöguna.
  - 2.7 Lögð fram drög að samningi Norrænu ráðherranefndarinnar og Háskóla Íslands um að sameina starfsemi Norrænu eldfjallastöðvarinnar (NE) og starfsemi jarðvísindahluta Raunvísindastofnunar Háskólans (RH) í nýja stofnun, Jarðvísindastofnun Háskólans, innan RH.
    - Þórður Kristinsson gerði ítarlega grein fyrir framlögðum samningsdrögum og svaraði athugasemdum og fyrirspurnum.

### **3. Mál á auglýstri dagskrá**

- 3.1 Drög að tillögu að breytingum á reglum fyrir Raunvísindastofnun Háskólans nr. 1014/2001, sbr. síðasta fund. Tengist dagskrárlið 2.7.
  - Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur Háskóla Íslands, gerði grein fyrir málinu. Samþykkt einróma að fela rektor að ganga frá og undirrita reglubreytingarnar.
- 3.2 Tillaga félagsvísindadeildar um fjöldatakmarkun háskólaárið 2004-2005, sbr. síðasta fund.
  - Samþykkt samhljóða.
- 3.3 Drög að úrskurði háskólaráðs vegna ákvörðunar lagadeildar um próftökurétt í kjörgreinum, sbr. síðasta fund.
  - Tryggvi Þórhallsson gerði grein fyrir málinu og framlögðum drögum að úrskurði. Málið var rætt vandlega og svaraði Tryggvi framkomnum spurningum og athugasemdum.
  - Úrskurður háskólaráðs samþykktur samhljóða.
- 3.4 Starfs- og fjárhagsáætlun Háskóla Íslands, sbr. síðasta fund.
  - Rektor gerði rækilega grein fyrir framlagðri fjárhagsáætlun Háskóla Íslands fyrir árið 2004. Í fjárhagsáætluninni kemur m.a. fram að flestar starfseiningar Háskólans gera ráð fyrir að rekstur þeirra verði í jafnvægi, utan raunvísindadeild. Málið var rætt ítarlega og lýstu ráðsmenn áhyggjum sínum vegna verulegs áætlaðs halla á rekstri raunvísindadeildar.
  - Samþykkt einróma að fela Guðmundi R. Jónssyni, framkvæmdastjóra rekstrar- og framkvæmdasviðs að sjá til þess að raunvísindadeild skili fjárhagsáætlun sem er í jafnvægi, eins og aðrar starfseiningar.
- 3.5 Hugmyndir fjármálanefndar um hækkun skrásetningargjalds, sbr. síðasta fund.
  - Rektor reifaði málið og var það rætt.
  - Frestað.
- 3.6 Erindi um heimild til gjaldtöku vegna kennslu:

a) Erindi lagadeildar um heimild til að innheimta gjöld af nemendum, sbr. síðasta fund.

b) Erindi viðskipta- og hagfræðideildar um heimild til að taka skólagjöld í meistaranámi, sbr. fund ráðsins 11. júní 2003 og umfjöllun á háskólafundi 8. september 2003.

Rektor gerði grein fyrir málinu og var það rætt ítarlega. Að umræðu lokinni var svo hljóðandi tillaga samþykkt samhljóða:

„Í samræmi við 3. mgr. 2. gr. laga um Háskóla Íslands leitar háskólaráð umsagnar háskólafundar um það hvort leggja skuli til við menntamálaráðherra að hann beiti sér fyrir breytingu á lögum sem veiti Háskólanum heimild til að innheimta gjöld af nemendum í hefðbundnu háskólanámi.”

- Samþykkt samhljóða.

Fleira var ekki gert.  
Fundi slitið kl. 15.25